

11  
19. mars

**Brjef stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um nákvæmt eftirlit með því að skjöl skipa sjeu í lagi.**

Stjórn utanríkismálanna hefir aftur og aftur vakið máls á því að skipstjórar, sem frá útlendum höfnum fara til Íslands, láti oftlega hjá líða að láta hlutaðeigandi konsúla rita á vöruskrá skipsins vottorð það, er fyrirskipað er í 8. gr. í tilskipun 15. apríl 1854, af því að þegar hingað komi, sleppi þeir iðulega með aðvörun eða þá lítilfjörlega sekt, lægri en gjald það, sem þeir eiga að greiða konsúlnum.

Útaf þessu er alvarlega brýnt fyrir yður, herra lögreglustjóri, að hafa strangar gætur á því, hvort skipstjórar þeir, sem eiga að sýna skipsskjöl sín í lögsagnarumdæmi yðar hafi gjört sig seka í vanrækslu þeirri, er að framan greinir, og ef svo reynist, þá er hjermeð lagt fyrir yður að láta hinn brotlega greiða yður hið lögboðna gjald til konsúlsins fyrir vottorðið, og auk þess sekt í landssjóð fyrir brotið. Vilji hlutaðeigandi skipstjóri ekki greiða þetta, ber yður að láta málið ganga til dóms, og væntir stjórnarráðið þess, að þá verði beitt svo háum sektum, að samsvari tvöföldu konsúlsgjaldinu að minsta kosti.

Jafnframt því að tjá yður þetta til leiðbeiningar, skal það tekið fram, að gjaldið til konsúlsins fyrir umrætt vottorð er samkvæmt 8. gr. í tilskipun 15. apríl 1854 6 aurar af hverju netto-registertonni skipsins. Þá er þjer innheimtið gjaldið til konsúlsins, óskast upphæðin send hingað.

12  
6. febr.

## Auglýsing

**um staðfestingu stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Keflavíkurkaupþún í Gullbringusýslu.**

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Keflavíkurkaupþún í Gullbringusýslu.

### Heilbrigðissamþykkt

fyrir kaupþúnið Keflavík í Gullbringusýslu.

#### I. Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir kaupþúnið Keflavík, með þeim takmörkum sem því nú eru sett, eða síðar kunna að verða sett,